

Reykjavík 31. mars 2020

Þann 13. mars síðastliðinn voru undirrituð á Alþingi lög sem tryggja tímabundnar greiðslur til þeirra sem ekki eru veikir en sæta engu að síður sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda. Samkvæmt yfirlýsingu á vef Félagsmálaráðuneytisins var það gert til að einstaklingur gæti fylgt fyrirmælunum án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni. Ennfremur segir þar: „Mikilvægt er að hægja á útbreiðslu veirunnar, **vernda viðkvæma hópa fyrir smiti og draga úr álagi á heilbrigðiskerfið** og innviði samfélagsins á meðan veiran gengur yfir. **Sóttkví er mikilvægt úrræði í þessu skyni** og er því beint til fólks, sem af ýmsum ástæðum má ætla að sé í verulegri hættu að smitast eða smita aðra, að það virði fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda um að dvelja í sóttkví. Þykir því mikilvægt að **tryggt verði eins vel og kostur er að sem flestum einstaklingum sé unnt að sæta beinum fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um sóttkví án þess að það komi verulega niður á fjárhag heimilanna.**”

Þann 25. mars síðastliðinn birti Embætti landlæknis ráðleggingar til foreldra langveikra barna og ungmenna vegna kórónuveirunnar á vefsíðu sinni, en þar er foreldrum ráðlagt að halda börnum með alvarlega sjúkdóma heima næstu vikur. Þar segir: „Í ljósi þess að samfélagssmitum COVID-19 veirunnar fer fjölgandi, er ráðlegt að börn sem hafa ofangreinda sjúkdóma **sæki hvorki dagvistun né skóla næstu vikurnar**, þar til annað verður ákveðið.” Ennfremur segir: „Þó að þú tilheyrir ekki áhættuhópi ættir þú að leggja þitt af mörkum til að vernda börn með langvinna sjúkdóma gegn smiti, með því að verja þig. Samfélagslegt verkefni okkar allra er að vernda þá sem eru viðkvæmari og veikari. Munum að við erum öll almannavarnir.”

Umhyggja – félag langveikra barna vekur athygli á því, að ofanefnd löggjöf nær ekki til foreldra langveikra barna sem halda börnum sínum í verndarsóttkví vegna faraldursins. Telur félagið það skjóta skökku við þar sem um er að ræða viðkvæman hóp með auknar líkur á innlögn og tilheyrandi álagi á heilbrigðiskerfið komi til veikinda, auk þess sem hópurinn er nú þegar útsettur fyrir fjarveru foreldra frá vinnu vegna umönnunar barna og stendur því síst betur en aðrir með tilliti til fjárhagslegrar afkomu á tímum kórónuveirunnar. Eins ber að líta til þess að foreldrar langveikra barna eru alla jafna langþreyttir vegna stöðugs álags og ótta um heilsu barna sinna og því að öllum líkindum í viðkvæmari stöðu en aðrir með tilliti til að veikjast sjálfir. Því ætti alltaf að setja þann hóp í sérstakan forgang þegar kemur að úrræðum fyrir úsetta hópa.

Umhyggja skorar því á yfirvöld að leiðrétta tafarlaust þá mismunun sem hér á sér stað og tryggja foreldrum langveikra barna, sem mælst er til að séu í verndarsóttkví, laun á meðan á verndarsóttkvínni stendur og lögin eru í gildi.

Fyrir hönd stjórnar og starfsmanna Umhyggju

Regína Lilja Magnúsdóttir, stjórnarformaður

